

Hagar hf. ársuppgjör 29. febrúar 2008

Ársreikningur Haga hf.

Ársreikningur félagsins hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og er nú í fyrsta sinn gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Innleiðing staðlanna hefur óveruleg áhrif á reikningsskil félagsins. Ársreikningur félagsins var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins 29. maí 2008. Stjórn leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa vegna ársins 2007/08.

Lykiltölur í millj. kr. – samstæða

| Rekstrarreikningur | 2007/08 | 2006/07 | 2005/06 | 2004/05 |
|--|------------|------------|------------|------------|
| Vörusala | 52.210 | 46.513 | 44.751 | 46.133 |
| Kostnaðarverð seldra vara | (38.488) | (34.645) | (35.122) | (34.657) |
| Framlegð | 13.722 | 11.868 | 9.629 | 11.476 |
| Aðrar rekstrartekjur | 112 | 76 | 77 | 244 |
| Rekstrargjöld | (10.928) | (9.870) | (8.968) | (9.972) |
| Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði | 2.906 | 2.074 | 738 | 1.748 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | (992) | (856) | (884) | (1.522) |
| Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði | 1.914 | 1.218 | (146) | 226 |
| Fjármagnsliðir | (1.308) | (477) | 511 | 1.308 |
| Áhrif hlutdeildarfélags | (36) | (18) | 0 | 0 |
| Hagnaður (tap) fyrir skatta | 570 | 723 | 365 | 1.534 |
| Tekjuskattur | (43) | (172) | 470 | (204) |
| Hagnaður af áframhaldandi starfsemi og fyrir hlutdeild minnihluta | 527 | 551 | 835 | 1.330 |
| Aflögð starfsemi | 0 | 0 | 162 | 0 |
| Hlutdeild minnihluta | 0 | 0 | 0 | (28) |
| Hagnaður ársins | 527 | 551 | 997 | 1.302 |

| Efnahagsreikningur | 29.2.2008 | 28.02.2007 | 28.02.2006 | 29.2.2005 |
|------------------------------------|-----------|------------|------------|-----------|
| Eignir: | | | | |
| Fastafjármunir | 19.656 | 16.780 | 15.644 | 23.731 |
| Veltufjármunir | 8.339 | 6.836 | 11.417 | 10.286 |
| Eignir alls | 27.995 | 23.616 | 27.061 | 34.017 |
| Eigið fé og skuldir: | | | | |
| Hlutfé | 1.218 | 1.067 | 1.015 | 1.015 |
| Annað eigið fé | 7.590 | 5.471 | 5.931 | 4.934 |
| Eigið fé samtals | 8.808 | 6.538 | 6.946 | 5.949 |
| Tekjuskattskuldbinding | 37 | 0 | 0 | 959 |
| Langtímaskuldir | 9.489 | 10.867 | 9.158 | 18.077 |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir | 3.606 | 1.187 | 6.337 | 3.914 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 6.055 | 5.024 | 4.620 | 5.118 |
| Eigið fé og skuldir samtals | 27.995 | 23.616 | 27.061 | 34.017 |

Lykiltölur – samstæða

- Hagnaður ársins 2007/08 nam 527 millj. kr. en hagnaður nam 551 millj. kr. árið áður.
- Rekstrartekjur ársins námu 52.210 millj. kr. en námu 46.513 millj. kr. árið áður.
- Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam 2.906 millj. kr. en nam 2.074 millj. kr. árið áður.
- Heildareignir samstæðunnar námu 27.995 millj. kr. í lok reikningsársins en námu 23.616 millj. kr. árið áður.
- Eigið fé félagsins nam 8.808 millj. kr. í lok reikningsársins en nam 6.538 millj. kr árið áður.
- Eiginfjárhlutfall félagsins var 31,5% í lok reikningsársins.

Fyrirtæki Haga eru eftirfarandi:

| | |
|------------------|-----------------------------------|
| Bónus | Debenhams |
| Hagkaup 10-11 | Ferskar kjötvörur Noron (Zara) |
| Aðföng | Res |
| Hýsing | Íshöfn |
| Útilíf | Bananar |

Hlutdeildarfélög eru: Max og SMS p/f

Stöðugildi hjá félaginu í lok reikningsársins námu 1.627

Endurskoðun

Ársreikningurinn hefur verið áritaður af endurskoðendum félagsins.

Staða og horfur

Horfur í rekstri félagsins eru góðar.

Nánari upplýsingar veitir Finnur Árnason, forstjóri félagsins í síma 530 5500